Kjarvalsstaðir:

Þrjár áhugaverðar sýningar

Á morgun kl. 16.00 verða formlega opnaðar á Kjarvalsstöðum þrjár sýningar: yfirlitssýning á verkum eftir Hring Jóhannesson í vestursal, sýning á nýjum verkum eftir Jónínu Guðnadóttur í miðsal og sýning á verkum eftir Jóhannes S. Kjarval frá árunum 1931 til 1945 í austursal og ber hún yfirskriftina Lifandi land.

Yfirlitssýning á verkum Hrings Jóhannessonar

Hringur Jóhannesson hefur um árabil verið einn dáðasti listamaður þjóðarinnar en hann andaðist síðla árs 1996, langt um aldur fram. Hringur kom fyrst fram á sjónarsviðið í byrjum 8. áratugarins með fígúratíft málverk, unnið með hefðbundnum efnum, olíulitum á striga, á sama tíma er framúrstefnan lagði sig fram við að brjóta niður öll hefðbundin gildi í myndlistinni. Hringur valdi aftur á móti önnur viðmið í samtímalistinni sem tengdust popplistinni og síðar ofurraunsæinu. Ekki leið þó á löngu þar til Hringur sneri sér í auknum mæli að landinu og hóf að myndgera og túlka íslenska náttúru. Á þessari yfirlitssýningu á verkum Hrings, sem er sú fyrsta, gefur að líta úrval olíumálverka sl. 30 ár. Þar koma fram öll helstu myndefnin sem Hringur glímdi við á listferli auk þess sem áhorfendur geta rakið þróun og áherslubreytingar í persónulegum stíl listamannsins.



Kristín Guðnadóttir listfræðingur hefur tekið saman sýningu verka Kjarvals tímabilið 1931–45.



Þorri Hringsson, sonur listamannsins, með eitt verka föður síns.

Endurskoðaður Kjarval

Á sl. árum hefur Kristín Guðnadóttir, listfræðingur og safnvörður á Kjarvalsstöðum, og Ásmundur Helgason sagnfræðingur unnið að rannsóknum á list- og æviferli Jóhannesar S. Kjarvals. Fyrir tveimur árum setti Kristín saman sýningu sem hún nefndi mótunarárin í list Kjravals. Að þessu sinni einbeitir Kristín sér að tímabilinu 1931–45 og stefnir saman á sýningu, sem hún nefnir lifandi land, öllum helstu öndvegisverkum Kjarvals á þessum tíma auk þess sem hún birtir ítarlega grein um listamanninn í sýningarskrá.

Skúlptúr í leir

Jónína Guðnadóttir er fyrir löngu orðin einn þekktasti leirlistarmaður hér á landi. Sl. 30 ár hefur hún unnið að listsköpun sem ýmist hefur tengst nytjahlutum eða sjálfstæðum form- og efnarannsóknum. Að þessu sinni er listunnendum boðið til móts við ný verk sem sérstaklega hafa verið gerð fyrir rýmið á Kjarvalsstöðum.



Jónína Guðnadóttir leirlistarmaður sýnir í miðsal verk sem oftar en ekki hafa sterka skírskotun í íslenska náttúru.

Undur og hljóðmerki


Í gær, fimmtudaginn 9. janúar, var opnuð sýning Frakks sem ber yfirskriftina Undur og hljóðmerki, Undir pari, Smiðjustíg 3. Frakkur sýnir málverk, skúlptúra og óhljóð. Sýningin stendur til 25. janúar og er opin fimmtudaga–laugardaga kl. 20.00–23.00.



Akvarellur í Listþjónustu


Núna um helgina verður opnuð sýning á vatnslitamyndum (akvarellum) Hafsteins Austmanns í Listþjónustunni, Hverfisgötu 105, 2. hæð. Þar sýnir Hafsteinn 6 akvarellur og mun sýningin standa til mánaðamóta. Sýningin er lokuð mánudaga en aðra virka daga er opið kl. 12–18 og um helgar kl. 14–18.

Olíumyndir í Stöðlakoti



Á morgun verður opnuð í Stöðlakoti sýning á olíumyndum Sigurðar Hauks Lúðvíkssonar. Sýningin verður opin alla daga nema mánudaga kl. 14–18 og lýkur henni þann 28. janúar.

Sigurður stundaði nám hjá Finni Jónssyni 1934 og í Málaraskóla Finns og Jóhanns Briem, sem þeir ráku tímabilið 1935–40. Hann hefur haldið þrjár einkasýningar og tekið þátt í fjölda alþjóðlegra samsýninga.



BarPar á Leynibarnum:

Sýningum að ljúka

Nú fer hver að verða síðastur að njóta þess að sjá Sögu Jónsdóttur og Guðmund Ólafsson fara á kostum í leikritinu BarPar en þau fara með öll hlutverk í sýningunni. Sýningin hefur verið í gangi í á annað ár á Leynibarnum í Borgarleikhúsinu en fer senn að hverfa af sviðinu þar sem aðeins fimm sýningar eru áætlaðar í janúar og verður sú síðasta föstudaginn 31. janúar. Nú eru sýningarnar orðnar rúmlega 80 talsins og hafa viðtökur áhorfenda verið frábærar. Áhorfendur sitja við borð og geta notið veitinga meðan á sýningu stendur og hafa leikhúsgestir kunnað vel að meta návígið við leikarana.

Leikstjóri er Helga E. Jónsdóttir, Jón Þórisson hannaði leikmynd og búninga en lýsingu annaðist Lárus Björnsson. Tæknimaður er Kári Gíslason.



Nú fer hver að verða síðastur að sjá leikritið BarPar á Leynibarnum.

MESSUR

Árbæjarkirkja: Barnaguðsþjónusta kl. 11. Guðsþjónusta kl. 14. Prestarnir.
Áskirkja: Barnaguðsþjónusta kl. 11. Guðsþjónusta kl. 14. Kaffi eftir messu. Árni Bergur Sigurbjörnsson.
Breiðholtskirkja: Barnaguðsþjónusta kl. 11. Hátíðarguðsþjónusta vegna 25 ára afmælis safnaðarins kl. 14. Sigurþór Þorgilsson, fyrsti formaður sóknarnefndar, prédikar. Kaffiveitingar að guðsþjónustu lokinni. Samkoma Ungs fólks með hlutverk kl. 20. Gísli Jónasson.
Bústaðakirkja: Barnamessa kl. 11. Foreldrar hvattir til þátttöku með börnunum. Guðsþjónusta kl. 14. Pálmi Matthíasson.
Digraneskirkja: Guðsþjónusta kl. 11. Prestur sr. Magnús Guðjónsson. Barnaguðsþjónusta á sama tíma. Léttur málsverður að lokinni guðsþjónustu.
Dómkirkjan: Messa kl. 11. Prestur sr. Hjalti Guðmundsson. Dómkórinn syngur. Barnastarf kl. 13. Bænaguðsþjónusta kl. 14. Prestur sr. Hjalti Guðmundsson.
Elliheimilið Grund: Guðsþjónusta kl. 15.15. Sr. Pétur Þorsteinsson.
Fella- og Hólakirkja: Barnaguðsþjónusta kl. 11. Umsjón Ragnar Schram. Guðsþjónusta á sama tíma. Prestur sr. Guðmundur Karl Ágústsson. Prestarnir.
Fríkirkjan í Reykjavík: Barnaguðsþjónusta kl. 11.15. Guðsþjónusta kl. 14. Cecil Haraldsson.
Grafarvogskirkja: Barnaguðsþjónusta kl. 11. Umsjón hafa Hjörtur og Rúna. Guðsþjónusta kl. 14. Sr. Kjartan Jónsson kristniboði prédikar og þjónar fyrir altari ásamt sóknarpresti. Prestarnir.
Grensáskirkja: Fjölskyldumessa kl. 11. Börnin taka þátt í messunni ásamt Eirnýju Ásgeirsdóttur, Þuríði Guðnadóttur og Sonju Berg. Prestur sr. Halldór S. Gröndal.
Hafnarfjarðarkirkja: Sunnudagaskóli í Hvaleyrarskóla kl. 11. Sunnudagaskóli í Hafnarfjarðarkirkju kl. 11. Guðsþjónusta kl. 14. Prestur sr. Gunnþór Ingason. Tónlistarguðsþjónusta kl. 18. Örn Arnarson og Valdimar Másson syngja. Halla Jónsdóttir, leiðbeinandi á hjónanámskeiðum kirkjunnar, flytur hugleiðingu. Fyrirbænir fyrir hjónum og fólki í sambúð. Prestur sr. Þórhallur Heimisson.
Hallgrímskirkja: Barnasamkoma og messa kl. 11. Sr. Ragnar Fjalar Lárusson.
Landspítalinn: Messa kl. 10. Sr. Jón Bjarman.
Háteigskirkja: Barnaguðsþjónusta kl. 11. Messa kl. 14. Sr. Helga Soffía Konráðsdóttir.
Hjallakirkja: Fjölskylduguðsþjónusta kl. 11. Sr. Íris Kristjánsdóttir þjónar. Barnaguðsþjónusta kl. 13. Sóknarprestur.
Hvammstangakirkja: Barnaguðsþjónusta kl. 11. Barnafræðarar eru Laura Ann-Howser og Guðrún Helga Bjarnadóttir. Sr. Kristján Björnsson.
Hveragerðiskirkja: Sunnudagaskóli kl. 11. Heilsustofnun NLFÍ. Guðsþjónusta kl. 11. Jón Ragnarsson sóknarprestur.
Kópavogskirkja: Barnastarf í safnaðarheimilinu Borgum kl. 11. Hátíðarmessa kl. 14. Biskup Íslands, herra Ólafur Skúlason, helgar nýtt og vandað orgel sem sett hefur verið upp í kirkjunni. Kór Kópavogskirkju syngur undir stjórn Arnar Falkners organista. Sigrún Hjálmtýsdóttir syngur einsöng. Ægir Fr. Sigurgeirsson.
Langholtskirkja, Kirkja Guðbrands biskups: Messa kl. 11. Prestur sr. Tómas Guðmundsson. Kór Langholtskirkju (hópur IV) syngur. Einsöngur Valgerður Guðrún Guðnadóttir. Hljóðfæraleikarar úr Kór og Gradualekór leika. Kaffisopi eftir messu. Barnastarf kl. 13 í umsjá Lenu Rósar Matthíasdóttur.
Laugarneskirkja: Messa kl. 11. Félagar úr kór Laugarneskirkju syngja. Barnastarf á sama tíma. Guðsþjónusta kl. 14 í Sjálfsbjargarhúsinu, Hátúni 12. Kvöldmessa kl. 20.30. Kór Laugarneskirkju. Gréta Matthíasdóttir og Þorvaldur Halldórsson syngja. Undirleik annast Sigurður Flosason saxófónleikari, Tómas R. Einarsson bassaleikari og Matthías Hamstock trommuleikari ásamt organistanum, Gunnari Gunnarssyni. Lifandi tónlist frá kl. 20. Ólafur Jóhannsson.
Neskirkja: Barnastarf kl. 11. Opið hús frá kl. 10. Sr. Frank M. Halldórsson. Frostaskjól: Barnastarf kl. 11. Húsið opnað kl. 10.30. Guðsþjónusta kl. 14. Sr. Halldór Reynisson.
Óháði söfnuðurinn: Guðsþjónusta kl. 14. Barnastarf á sama tíma. Foreldrar skírnarbarna síðastliðins árs boðnir sérstaklega velkomnir. Kaffi eftir messu.
Seljakirkja: Barnaguðsþjónusta kl. 11. Guðsþjónusta kl. 14. Sr. Ágúst Einarsson prédikar. Seljur, kór kvenfélagsins, leiða söng. Sóknarprestur.
Seltjarnarneskirkja: Messa kl. 11. Prestur sr. Hildur Sigurðardóttir. Barnastarf á sama tíma.
Stokkseyrarkirkja: Barnaguðsþjónusta kl. 11.